

FUNDARGERÐ

Árið 2018, fimmtudaginn 15. mars kl. 13:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir, Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni og Hrafnkeli Hjörleifssyni sem ritaði fundargerð.

Að auki sátu fundinn Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, undir lið 2.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 25. janúar 2018

Lögð var fram fundargerð frá 25. janúar 2018 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 25. janúar 2018 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Fundur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og ráðgjafarnefndar

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra mætti á fund nefndarinnar þar sem rædd voru helstu verkefni sjóðsins og áherslur. Fram kom í máli ráðherra að starfsemi sjóðsins væri sveitarfélögum afar mikilvæg enda væri hlutverk hans að jafna aðstöðumun sveitarfélaga í því skyni að veita íbúum nauðsynlega og lögbundna þjónustu. Þá var rætt um það mikilvæga hlutverk sem sjóðnum hefur verið falið í gegnum tíðina varðandi aðkomu hans að því að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Þá kom fram í máli ráðherra að hann hafi kynnt sér tillögur nefndar um endurskoðun regluverks sjóðsins og sagði mikilvægt að unnið verði áfram með þær tillögur á næstu mánuðum.

3. Sameiningar sveitarfélaga

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá Fljótsdalshéraði, dags. 8. mars 2018, um framlag vegna könnunar á vilja til sameiningar á Austurlandi, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Áætlaður kostnaður við verkefnið er um 3,4 m.kr. Könnunin nær til allra kosningabærra íbúa þeirra sveitarfélaga sem um ræðir (Borgarfjarðarhreppur, Djúpavogshreppur, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Vopnafjarðarhreppur) til að kanna hug þeirra til sameiningar og/eða aukins samstarfs sveitarfélaganna.

Beiðnin var samþykkt að lokinni umfjöllun.

4. Vatnsveituframkvæmdir á lögbýlum 2017

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu bréf Matvælastofnunar, dags. 30. janúar 2018, vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði til vatnsveita á lögbýlum árið 2017, ásamt minnisblaði þar að lútandi.

Á grundvelli c-liðar 7. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlög vegna framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 180/2016. Heildarfjárhæð

framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samkvæmt reglugerð, skal ekki fara yfir 25 millj. kr. á hverju ári. Umbeðin kostnaðarþátttaka vegna ársins 2017 nemur 20,4 m.kr. og rúmast því innan þessarar fjárhæðar.

Nefndin samþykkti umbeðna kostnaðarþátttöku í verkefninu að fjárhæð 20,4 m.kr.á grundvelli reglugerðar nr. 180/2016.

5. Innleiðing á nýjum persónuverndarlögum **Beiðni um framlag – Reykjavíkurborg**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Reykjavíkurborgar, dags. 28. febrúar 2018, þar sem óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði á grundvelli 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010, ásamt minnisblaði þar að lútandi.

Sótt er um framlag að fjárhæð 10 m.kr. vegna greiðslu sérfræðikostnaðar vegna innleiðingar á nýjum persónuverndarlögum og miðlun þeirrar þekkingar til annarra sveitarfélaga.

Vegna óvissu varðandi stöðu annarra sveitarfélaga við innleiðingu nýrra persónuverndarlaga var ákveðið að fresta afgreiðslu umsóknarinnar til næsta fundar. Rætt var hvort mögulegt væri að safna upplýsingum um stöðu verkefnisins hjá öðrum sveitarfélögum. Jafnframt að athugað yrði með að fá fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga á næsta fund nefndarinnar til að reifa stöðu málsins eins og hún lítur við þeim.

6. Lýðháskólinn á Flateyri **Beiðni um framlag – Ísafjarðarbær**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Ísafjarðarbæjar, dags. 12. mars 2018, um stuðning við stofnun Lýðháskólans á Flateyri, með vísan til b-liðar 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010, ásamt minnisblaði þar að lútandi.

Fram kemur í umsókninni að markmið umsóknarinnar sé að skapa nýjan valkost í íslensku menntakerfi fyrir einstaklinga sem ekki hafa fundið sig í hefðbundnu skólakerfi sem og styðja við og styrkja samfélagið á Flateyri og atvinnumöguleika á svæðinu. Sótt er um 10 m.kr. framlag úr sjóðnum.

Í umfjöllun nefndarinnar um erindið kom m.a. fram að byggðarlagið hafi glímt við mikla fólksfækkun síðustu árin en íbúar Flateyrar hafi verið 386 árið 2007 en væru nú 179 talsins. Um sé því að ræða 54% fólksfækkun frá því á árinu 2007. Er það mat nefndarinnar að um metnaðarfullt verkefni sé að ræða og í ljós þeirrar byggðarröskunar sem orðið hafi á svæðinu sé það von nefndarinnar að uppbygging Lýðháskólans muni efla fjölbreytileika atvinnutækifæra á Flateyri og styrkja um leið við uppbyggingu byggðarlagsins.

Ráðgjafarnefndin samþykkti úthlutun framlags til Ísafjarðarbæjar sem geti numið allt að 10,0 m.kr. með vísan í b-lið 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010. Sigríður Huld Jónsdóttir sat hjá við afgreiðslu málsins.

Fram kom við afgreiðslu málsins að nefndin lítur á að samþykktin lúti einvörðungu að því að styrkja aðkomu sveitarfélagsins vegna stofnunar Lýðháskólans á Flateyri. Ekki sé litið á að sjóðurinn komi að frekari þátttöku sveitarfélagsins í rekstri skólans.

Yfirlýsingun um grunnskólans

7. Ytra mat á grunnskóla

Lögð var fram til kynningar ársskýrsla á ytra mati á grunnskólastarfi árið 2017. Skýrslan er skrifuð af Þóru Björk Jónsdóttur og gefin út af Menntamálastofnun.

8. Almenn grunnskólaframlög

Barnaverndarstofa – aftekt framlaga

Lagt var fram til ákvörðunar erindi Barnaverndarstofu, dags. 22. febrúar 2018, þar sem óskað er eftir greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 351/2002 vegna kostnaðar af almennri kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð voru af Barnaverndarstofu utan lögheimilis á haustönn 2017, ásamt minnisblaði þar að lútandi. Um er að ræða kostnað samtals að fjárhæð 3,38 m.kr.

Nefndið samþykkti að leggja til að verða við beiðni Barnaverndarstofu um endurgreiðslu. Kostnaðurinn verður innheimtur af framlögum Jöfnunarsjóðs til viðkomandi lögheimilissveitarfélaga barnanna.

9. Drög að uppgjöri verkefnisins

Lögð voru fyrir nefndina til kynningar drög að uppgjöri á verkefni Jöfnunarsjóðs hvað snertir yfirlýsingun um grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga. Fram kom að tekjur sjóðsins vegna yfirlýsingunnar námu rúmlega 11 mö.kr. Stærsti útgjaldaliður sjóðsins vegna verkefnisins var vegna almennra framlaga til reksturs grunnskóla sem námu tæpum 8,2 mö.kr. Framlög vegna sérþarfa námu tæplega 2,2 mö.kr og framlög vegna nýbúafræðslu um 290 m.kr.

Rætt var sérstakleg um framlag sjóðsins vegna nýbúafræðslu og ákveðið var að fá Huldu Karenu frá Menntamálastofnun á fund ráðgjafarnefndar síðar á árinu .

Yfirlýsingun um málefnum fatlaðs fólks

10. Reglugerð framlaga ársins 2018

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lögð var fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að reglugerð um málefni fatlaðs fólks á árinu 2018. Sambandið gerir ekki athugasemd við að reglugerð um málefni fatlaðs fólks á árinu 2018 verði í samræmi við fyrirliggjandi drög.

11. Atvinnuúrræði fyrir fatlað fólk - Geitungarnir

Umsókn frá Hafnarfjarðarbæ

Lögð var fram til ákvörðunar umsókn Hafnafjarðarkaupstaðar, dags. 20. febrúar 2018, þar sem sótt eru um framlag á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 635/2017 vegna nýsköpunar og þróunarvinnu, ásamt minnisblaði þar að lútandi.

Nefndin hafnaði umsókninni enda þótti ekki ljóst hvert nýsköpunargildi verkefnisins er.

12. Viðbótarframlög 2018

Tillaga að úthlutun 2018

Lagðir voru fram útreikningar starfsmanns Jöfnunarsjóðs vegna tillögu um úthlutun hluta viðbótarframlags vegna ársins 2018.

Ákveðið var að fresta afgreiðslu málsins og leggja nýja útreikninga fyrir næsta fund ráðgjafarnefndar. Í þeim útreikningum skyldi athuga sérstaklega hver áhrif verða milli þjónustu-svæða við hækkun lægsta heila flokks sem framlög reiknast af úr 4. flokki í 5. flokk (a-liður II hluta 3. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk).

13. Skrifstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel

Beiðni um framlengingu á samkomulagi

Lagt var fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. febrúar 2018, um framlengingu samkomulags samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Sambandsins, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Framlengingin sem um ræðir nær til áronna 2019 – 2021 og óskað er eftir allt að 23 m.kr. árlegu framlagi og að 60% framlagsins taki breytingum skv. launavísitölu og 40% taki mið af þróun meðalgengis íslensku krónunnar gagnvart evru frá mánuði til mánaðar.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að helstu markmið með rekstri skrifstofunnar hefðu gengið eftir. Með tilvísun til þess samþykkti nefndin að leggja til að umsókn Sambandsins um framlengingu samkomulagsins yrði tekin til greina á grundvelli framlaga til sérstakra verkefna, sbr. f-lið 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010.

14. Samtök umgengnisforeldra

Lögð var fram fyrirspurn frá samtökum umgengnisforeldra, dags. 27. febrúar 2018, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Í fyrirspurninni er óskað eftir afstöðu ráðgjafarnefndar til athugasemda formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga sem birtast í frétt Morgunblaðsins, dags. 27. febrúar 2018, varðandi afskriftir vegna gjaldþrota meðlagsgreiðenda.

Nefndin ákvað að fela starfsmönnum Jöfnunarsjóðs að svara umræddri fyrirspurn.

15. Önnur mál

Árleg ferð ráðgjafarnefndar og næsti fundur

Ákveðið var að stefna á árlega ferð ráðgjafarnefndar 23. – 25. apríl nk. Stefnit er á að sækja Austurland heim og yrði næsti fundur ráðgjafarnefndar haldinn samhliða því fyrir austan.

Ákveðið að halda símafund miðvikudaginn 28. mars nk. kl. 10:00.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson